



**Ávarp
Ólafs Ragnars Grímssonar
forseta Íslands
á Kristsdegi
27. september 2014**

Ávarpið var flutt blaðlaust; endurrit af upptöku

Ágætu biskupar, prestar og góðir vinir.

Verið öll hjartanlega velkomin á þennan merkilega dag. Það var frábær hugmynd að efna til samkomu af því tagi sem við hefjum hér í dag. Og ekki aðeins koma í hugum okkar saman í bæn til þess að styrkja land og þjóð, heldur líka til að leiða hugann að því hve ríkulegan þátt kristnin á í sögu okkar, menningu og þjóðarvitund. Í raun og veru er þáttur kristninnar í sögu Íslendinga svo ríkulega samofinn öllu því helsta sem gerst hefur á þessum þúsund árum eða svo að ekki er hægt að slíta í sundur.

Við þekkjum öll hvernig sagan af kristnitöku á Þingvöllum er jafn ríkulega í huga okkar og landnámið sjálft. Um aldir voru Skálholt og Hólar höfuðstaðir Íslands fyrir sunnan og norðan, miðstöðvar menningar, trúar og stjórnsýslu. Og þegar þessi fátæka og fámenna þjóð norður í Atlantshafi hóf sína sjálfstæðisbaráttu um miðja 19. öldina kom kjarni forystusveitarinnar úr skólanum á Bessastöðum sem í reynd var einnig prestaskóli. Sumir fóru beint heim í byggðir landsins og veittu þar forstöðu söfnuðum, aðrir héldu til Kaupmannahafnar og hófu útgáfu á Fjölni og Nýjum félagsritum. Hið endurreista Alþingi, sem varð vettvangur sjálfstæðisbaráttunnar alla 19. öldina, var skipað á þann veg að þar áttu prestar og reyndar biskupar líka sæti og skipuðu sér í fremstu röð baráttunnar fyrir auknum rétti, endurreisn menningar og sjálfstæðis Íslendinga.

Það er merkilegt að hugsa líka til þess nú þegar okkur eru fluttir þættirnir um þá Íslendinga sem fluttu vestur um haf, hve ríkuleg trúin, kristnin og kirkjan var í landnáminu í Kanada og Bandaríkjunum. Það er hrífandi að koma í Norður Dakota, í tiltölulega fámenna byggð, skammt

frá Winnipeg og Manitoba og sjá kirkjurnar sem hinir fátæku bændur og landnemar reistu. Það fyrsta sem þeir gerðu í sameiningu í hinum nýju heimkynnum var að byggja kirkjur. Og ekki eina og ekki tvær, í Mountain í Norður-Dakota, þessu litla samfélagi, heldur fimm kirkjur, ein þeirra kennd við Þingvelli.

Samhengið í þessari löngu sögu er nátengt kristinni trú, boðskap Biblíunnar og því samfélagi sem Íslendingar fundu bæði í Nýja og Gamla testamentinu. Og svo ríkulega var Gamla testamentið í hugum þeirra sem bjuggu á Ströndum, í afskekktustu byggðum Íslands, að það var talið sómi og við hæfi að skíra hin ungu börn nöfnum úr Gamla testamentinu.

Ég nefni þetta hér vegna þess að mér finnst oft á síðari árum gleymast í umræðunni um trú og kristni hve náíð saga okkar, menning og þjóðarvitund er samofin kristinni trú. Og það er líka umhugsunarvert, sérstaklega í ljósi þess að víða um Evrópu hafa á undanförunum árum og áratugum kirkjur að nokkru leyti verið á undanhaldi og standa jafnvel tómar og sumar seldar og þeim jafnvel breytt í íbúðarhús eða hótél, að á Íslandi hefur þessu verið farið á annan veg. Það hafa aldrei í sögu okkar verið byggðar jafn margar og jafn glæsilegar kirkjur vítt og breitt um landið eins og á síðustu 20 til 40 árum.

Allt þetta vitnar um styrk kristinnar trúar í samfélagi okkar Íslendinga. Þó skiptir kannski mestu að trúin hefur ekki aðeins veitt fólkinu í landinu styrk og eflt samstöðuna; hún hefur líka gefið okkur þann siðferðisgrundvöll, umburðarlyndi, sem einkennir okkar samfélag – kannski umfram flest önnur þar sem ótti, reiði og jafnvel gagnkvæmt hatur setur svip á samskipti fólksins. Hér höfum við notið þess, Íslendingar, að eiga friðsælt, opið og umburðarlynt samfélag. Og hornsteinar þess eru fyrst og fremst siðferðisboðskapur kristinnar: Fyrirgefningin, að líta alltaf á náungann með þeim augum sem menn vilja að horft sé á sjálfa sig, og vera reiðubúin að taka alla í faðm bænar og trúar og styrkja þannig hvert annað.

Það er mikilvægt að hafa það í huga þegar við horfum, því miður, á öfgahópa annarra trúarbragða víða um veröldina efna til ófriðar og jafnvel aftöku á fólki – að gleyma ekki að það umburðarlyndi, sá skilningur og það siðferði sem hefur skapað Íslendingum sérstöðu á sínar rætur í þeim boðskap og þeim styrk og þeirri bæn sem kristnin hefur fært þessari þjóð um aldir.

Þess vegna þakka ég þeim sem hafa tekið höndum saman um þennan dag; kalla okkur hér í þetta glæsilega hús, þetta nýja musteri menningar og tóna, svo að við getum saman haldið áfram að skilja samhengið í okkar sögu og sótt í boðskap og samheldni og bæn kristinnar þann styrk sem við þurfum á að halda á komandi árum.